

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

26. febrúar 2024,
21. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð

Mánudaginn 26. febrúar 2024 fór fram 21. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Allir aðalmenn voru boðaðir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Svanur Karl Grjetarsson, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson, Hannes Tryggvi Hafstein og Ingibjörg Hauksdóttir. Ingibjörg og Hannes Tryggvi tóku þátt á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað, Svanur Karl boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn voru einnig á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Árni Davíðsson og Ríkharður F. Friðriksson.

1 Skipulagsmál

1.1. Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarvatns og Höfða

Lagt fram erindi skipulagsins í Hafnarfirði dags. 03. janúar 2024 þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvaleyrarvatn og Höfða. Um er að ræða að færa háspennustrengi Hamraneslínu 1 og 2 verði lagðir í jörðu á skipulagssvæði Hvaleyrarvatns og Höfða.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við þær, en benda á að línulögnin fer um gamalt landmótunarsvæði og huga þurfi að því að ef grafið er niður á mengaðan jarðveg, þarf að meta aðstæður í samráði við heilbrigðiseftirlitið varðandi meðhöndlun og hreinsun á þeim jarðvegi.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki frekari athugasemdir við breytingartillöguna.

1.2. Breytingar á deiliskipulagi Hamranes- og Vatnshlíðarhnúks.

Lagt fram erindi skipulagsins í Hafnarfirði dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamranes- og Vatnshlíðarhnúk. Í breytingunni felst að háspennustrengir Hamraneslínu 1 og 2 verði lagðir í jörðu á skipulagssvæði Hamranes- og Vatnshlíðarhnúks.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur en vill benda á að línulögnin fer um gamalt landmótunarsvæði s.s. við Hamranes. Ef grafið er niður á mengaðan jarðveg, þarf að meta aðstæður og meta í samráði við heilbrigðiseftirlitið hvaða meðhöndlun eða hreinsun þarf að eiga sér stað.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki frekari athugasemdir við breytingartillöguna.

1.3. Breyting á deiliskipulag Hamranesnámu.

Lagt fram erindi skipulagsins í Hafnarfirði dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamranesnámu. Í breytingunni felst að háspennustrengir Hamraneslínu 1 og 2 verði lagðir í jörðu.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur en vill benda á að línulögnin fer um gamalt landmótunarsvæði s.s. við Hamranes. Ef grafið er niður á mengaðan jarðveg, þarf að meta aðstæður og meta í samráði við heilbrigðiseftirlitið hvaða meðhöndlun eða hreinsun þarf að eiga sér stað.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki frekari athugasemdir við breytingartillöguna.

1.4. Breyting á deiliskipulagi fyrir Gráhelluhraun og skipulagsmörkum við Kaldárselsveg og hestamannafélagsins Sörla.

Lagt fram erindi skipulagsins í Hafnarfirði dags. 5. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á nýju skipulagi fyrir Gráhelluhraun annars vegar og hins vegar nýju skipulagi fyrir svæði Hestamannafélagsins Sörla. Um er að ræða fjölgun bílastæða út frá Kaldárselsvegi til norðurs og einnig breytingar á aðkomu að athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla til suðurs. Skipulagsmörkum er breytt þannig að umrædd bílastæði verða innan deiliskipulagsmarka Gráhelluhrauns. Í greinargerð með deiliskipulaginu er gert grein fyrir tveim göngubrúum þar sem aðalstígurinn þverar reiðstíg í báðum endum svæðisins.

Bókun:

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þessar breytingar og fagnar þeim hugmyndum sem tryggja öryggi vegfarenda þar sem göngustígar skera reiðleiðir.

1.5 Nýtt deiliskipulag, athafnasvæði í Flugumýri.

Lagt fram erindi skipulagsins í Mosfellsbæ dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar á tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði í Flugumýri. Samhliða eru gerðar tæknilegar breytingar á deiliskipulagi Desjamýrar, þar sem deiliskipulagsmörk eru færð til og skipulagssvæði minnkað til samræmis við nýtt deiliskipulag Flugumýrar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd lýsir yfir ánægju með að lögð hafi verið fram tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðisins í Flugumýri. Heilbrigðiseftirlitið vill leggja til að ítarlegar verði fjallað um ofanvatn frá hverfinu í deiliskipulaginu. Þá er það mikilvægt að gerðar séu kröfur til rekstraraðila um að þeir skuli hafa viðeigandi mengunarvarnir á lóðum, sem eru miðaðar við starfsemi þeirra.

1.6. Stækkun hafnar í Straumsvík, matsáætlun

Lagt fram erindi Skiplagsstofnunar dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits á tillögu að matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar á áformuðum framkvæmdum á hafnarsvæðinu í Straumsvík.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að nauðsynlegt sé að gera grein fyrir með hvaða hætti útskolunarpró álversins verði hreinsuð og hvernig sú starfsemi verður til framtíðar, við stækkun hafnarsvæðisins. Þá ítrekar heilbrigðiseftirlitið mikilvægi náttúruverndar varðandi framtíð lífríkis og vatnasviðs Straumsvíkurtjarna og í því samhengi þurfi að gera rannsóknir á því með hvaða hætti efnistaka úr Rauðamelsnámunum hefur á grunnvatnsrennsli á svæðinu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd tekur undir athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins. Jafnframt áskilur nefndin sér að koma að athugasemdum þegar umhverfismatið liggur fyrir.

1.7. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og breyting á deiliskipulagi Kapelluhraun 2, vegna Álhelli 1, og vegna iðnaðarsvæðisins I4.

Lagt fram erindi skipulagsins í Hafnarfirði dags. 12. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði I4. Ástæða breytinga er stækkun lóðar Álhelli 1 en fram kemur að Hringrás ehf. hyggst flytja endurvinnslustöð úr Klettagörðum í Reykjavík að Álhelli 1.

Heilbrigðisnefnd hefur áður fjallað um erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað var umsagnar um hvort framkvæmdir Hringrásar ehf. á Álhelli 1 væru háðar mati á umhverfisáhrifum og var þá vakin athygli á ekki væri nægar upplýsingar um hljóðvist, en í greinagerð um matsskyldufyrirspurnina var talið að starfsemin gæti verið nokkuð neikvæð. Verkís hefur gert útreikninga á hljóðstigi frá tætara og viðarkurlaranum og er reiknað hljóðstig undir 70 dB(A) við lóðarmörk að Álhelli 3 með tilkomu mótvægisáðgerða í formi hljóðveggjar. Þá vakti heilbrigðisnefnd athygli á að áform um fráveitumál væru ekki nægjanlega skýr, loftgæði á lóð og áhrif starfseminnar mt.t. loftmengunar væru veruleg t.d. vegna aukinna þungaflutninga í gegnum bæjarfélagið. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að þrátt fyrir að áhrif mengunar frá starfseminni séu metin óveruleg til nokkuð neikvæð, þá sé það óhjákvæmilegt að slík starfsemi hafi í för með sér mengun og því brýnt að vakta þurfi áhrif starfseminnar á vatn, loftgæði og hljóðvist. Þá var það mat Skipulagsstofnunar að bein áhrif á næstu íbúa verði hverfandi. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var því að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði I4, en tekur undir að mikilvægt sé að vakta þurfi áhrif á starfsemina hvað varðar vatn, loftgæði og hljóðvist.

1.8. Breyting á deiliskipulagi fyrir Vinarstræti 22-28.

Lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ dags. 13. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðisnefndar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Vinastræti 22-28. Um er að ræða tillögu er gerir ráð fyrir að lóðunum við Vinastræti 20-24 lóð fyrir atvinnustarfsemi, Vinastræti 26, bílastæðalóð og Vinastræti 28, lóð fyrir menningarstarfsemi, verði skipt upp í þrjár lóðir.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur.

1.9. Endurskoðun deiliskipulags, Hnoðraholt norður.

Lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ, dags. 25. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðisnefndar á endurskoðun deiliskipulag Hnoðraholt norður.

Tillagan gerir ráð fyrir að endurskoða uppdrætti og greinagerð deiliskipulags Hnoðrahólts norður með það að markmiði að skýra markmið og áherslur deiliskipulagsins. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir bílakjöllurum undir fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar og að hámarksfjöldi íbúða í þeim húsum breytist frá 83 í 96 íbúðir.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögum, en vekur athygli á að þrátt fyrir skilyrði um að tryggja lágmarksákvæði um hljóðvist með þeim hætti að viðmiðunargildi innanhúss vegna umferðarhávaða séu uppfyllt, s.s. með innra skipulagi íbúða, gleri, gluggapéttingum eða loftræstingu, sé nauðsynlegt að gerðar séu hljóðmælingar á framkvæmdatíma og farið mótvægisáðgerðir ef ástæða gefur tilefni til. Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á að hugað sé að opnunartími í verslun og þjónustu við Þorraholt 2, 4 og 6 taki mið af nálægð þeirrar verslunar og þjónustu við aðliggjandi íbúðarbyggð.

Gerð er ítarleg grein fyrir ofanvatnslausnum í deiliskipulaginu, en jafnframt mæti gera þær kröfur til rekstraraðila á verslunar- og þjónustuvæðum, að viðeigandi mengunarvarnir séu á lóðum í samræmi við þá starfsemi sem fyrirhuguð er.

1.10. Deiliskipulagsbreyting Kjóavellir, hesthúsabyggð og keppnisvöllur.

Lagt fram erindi skipulagsins í Garðabæ, dags. 25. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðisnefndar á endurskoðun deiliskipulags fyrir Kjóavelli, hesthúsabyggð.

Um er að ræða breytingu á skilmálum hesthúsabyggðar á þeim hluta sem tilheyrir Garðabæ í Andvarahverfi og Rjúpnahæð. Deiliskipulagsbreytingin felst í breikkun byggingarreita auk breytinga á þakformi á hesthúsum. Markmið deiliskipulagsins er að viðhalda yfirbragði byggðar á Andvarasvæðinu og aðlaga skilmála að núverandi húsagerð.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þessa tillögu, en vekur athygli á að við uppbyggingu á nýjum hesthúsum í hverfinu samkvæmt deiliskipulagi, skal unnið að úrbótum í fráveitumálum sem hlíta skal nánari ákvörðun heilbrigðiseftirlits. Yfirborðsvatn er leitt í settjarnir á svæðinu og með hliðsjón af þeirri starfsemi sem þarna er um að ræða, þá er nauðsynlegt að fylgjast með að gerlamengun sé innan marka sem settar eru í reglugerð og mótvægisáðgerðir framkvæmdar með tilheyrandi mengunarvörnum, ef gildi eru yfir mörkum.

2 Samþykktir

1. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs á svæði HEF

Tekið fyrir að nýju, Samþykktir um meðhöndlun úrgangs í þeim sveitarfélögum sem eru á svæði Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Samþykktirnar voru unnar af starfshópi SSH sem síðan óskaði eftir umsögnum frá sveitarfélögunum og heilbrigðisnefndum á höfuðborgarsvæðinu. Að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa þá sendi starfshópurinn drögin til sveitarfélagana til yfirlestrar. Í samræmi við 59. gr. laga nr. 1998 skal heilbrigðisnefnd semja drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem síðan afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd leggur til að samþykktirnar verði samræmdar í þeim sveitarfélögum sem mynda heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæ og Seltjarnarness. Í því tilfelli þar sem mismunur er á eignarhaldi íláta verði það sérstaklega tilgreint. Þá verði bætt við ákvæði um að sveitarfélögunum sé heimilt að breyta og/eða bæta við tegundum íláta (4. gr. samþykktanna).

Þá leggur heilbrigðisnefnd til að við 5. gr. um Grenndarstöðvar, verði bætt við setninguna um aðgengi, „að tryggja skuli aðgengi hreyfihamlaðra“. Framkvæmdastjóra falið að senda sveitarstjórnnum drög að samþykktunum til umfjöllunar og staðfestingar.



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson

Hannes Tryggvi Hafstein



Bjarni Ingimársson

Ingibjörg Hauksdóttir

3 Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 31.01.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.1. Lyngás 15, Garðabær – sprautu- og réttigaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðmundar Hlífar Ákasonar f.h. Lotus Car Rental ehf., kt. 530614-1820, dags. 14.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir sprautu- og réttigaverkstæði fyrir eigin bifreiðar að Lyngási 15, Garðabæ. Fasteignanr. F2071458. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.01.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.01.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 31.01.2024

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.2. Smáratorg 3, Kópavogur, – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.01.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gaming Arena ehf., kt. 440121-0470 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi, lengri opnunartíma, þann 11.02.2024 til 12.02.2024 frá kl. 21.00 – kl. 06.00 í tilefni af Superbowl í Bandaríkjunum, að Smáratorgi 3, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 80 manns.

Eftirlitsskýrsla dags: 02.05.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 07.02.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.4. Urriðaholtsstræti 2, Garðabær– veitingahús

Lögð fram umsókn Ómars Ingimarssonar f.h. UHS ehf. (Geitin Garðabæ), kt. 560321-2010, dags. 05.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2503852. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags: 05.02.2024..

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.5. *Búðakór 1, Kópavogur – ísbúð*

Lögð fram umsókn Gunnars Más Bráinssonar, f.h. Ísbúð Huppu, kt. 530515-1920 dags. 01.12.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð að Búðakór 1, Kópavogi. Fasteignanr.F2279579. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.07.02.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.6. *Furugrund 3a, Kópavogur - Leikskóli*

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Bjarnadóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 dags. 26.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla að Furugrund 3a, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr: F2061410. Eftirlitsskýrsla dags. 5.2.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.7. *Smiðjuvegur 34, Kópavogur – bifreiða- og ryðvarnarverkstæði*

Lögð fram umsókn Nuno Valentim f.h. Classic Garage, kt. 121080-3389 dags. 30.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiða og ryðvarnarverkstæði að Smiðjuvegi 34, Kópavogi. Ný starfsemi/breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 05.02.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 30.01.2024. Jákvætt svar dags. 31.01.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3.8. *Nýbýlavegur 16, Kópavogur – sólbaðstofa*

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Barczynska f.h. A.M.J ehf kt. 490320-2960 dags. 09.06.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir sólbaðsstofu að Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Fasteignanr. F2064408. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.16.06.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 19.07.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 26.01.2024.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.9. *Urriðaholtsstræti 2, Garðabær, – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn UHS ehf., kt. 560321-2010 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi, lengri opnunartíma, þann 11.02.2024 til 12.02.2024 frá kl. 23.30 – kl. 04.00 í tilefni af Superbowl 2024 að Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 55 manns. Eftirlitsskýrsla dags: 05.02.2024.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 14.02.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.10. *Holtsvegur 20, Garðabær– leikskóli*

Lögð fram umsókn Guðmundar Péturssonar f.h. Skólar ehf., kt. 630800-2930, dags. 10.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla við Holtsvegi 20, Urriðaholti, Garðabæ. Fasteignanr. F2351978. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.02.24.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.17.01.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 17.01.2024.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.11. *Urriðaholtsstræti 24, Garðabær– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigurðar Jóhannessonar f.h. Ozon ehf., kt. 550385-0159, dags. 05.12.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Urriðaholtsstræti 24, Garðabæ. Fasteignanr. F2361769. Ný starfsemi, breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 14.02.24.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt

3.12. *Einhella 1a, Hafnarfjörður – verkstæði fyrir þungavinnuvélar*

Lögð fram umsókn Sveins Simonarsonar f.h. Klettur- sala og þjónusta ehf., kt. 461009-0420, dags. 26.01.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verkstæði fyrir þungavinnuvélar að Einhellu 1a, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2329975. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.02.24.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 30.01.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 05.02.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.13. *Lónsbraut 6, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Snorra Jónssonar f.h. Vingerð Reykjavíkur ehf., kt. 470909-0800, dags. 19.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu á áfengum drykkjum að Lónsbraut 6, Hafnarfirði.

Fasteignanr. F2253613. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.02.24.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

3.14. *Ölduslóð 30, Hafnarfjörður – daggæsla*

Lögð fram umsókn Huldu Kristjánsdóttur kt. 010969-5069, dags. 13.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu að Ölduslóð 30, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080882. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 08.01.24.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

3.15. *Hæðasmári 6, Kópavogur – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Steinars Óla Jónssonar, f.h. Halal ehf., Mandi. kt. 490911-1540 dags. 29.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Hæðasmára 6, Kópavogi. Fasteignanr. F2235245.

Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.02.24.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.16. Ásvellir, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagsins Hauka, kt. 600169-0419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 09.03.2024 til 10.03.2024 frá kl. 19.00 – kl. 01.00 í íþróttahúsi Hauka Ásvöllum, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 21.02.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.17. Hlíðasmári 2, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sigurðar R. Sveinmarssonar f.h. Víntrío ehf., kt. 700103-3660 dags. 20.02.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hlíðasmára 2 Kópavogi. Fasteignanr. F224-8734. Endurnýjun. Dreifing frá vöruhúsi Eimskips. Eftirlitsskýrsla dags. 20.02.2024.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.18. Flatahraun 25, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Péturs Júlíusar Halldórssonar f.h. Bílaraf ehf., kt. 500222-0500, dags. 20.02.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Flatahrauni 25, Hafnarfirði. Fasteignanr. F207-4788. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.

3.19. Norðurhella 8, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sylwester Kamil Grzeszczuk f.h. S.G Dekk ehf., kt. 420823-0100, dags. 05.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Norðurhelli 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2305375. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.01.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.02.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 15.02.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning staðfest.

3.20. *Við Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – niðurrif mannvirkja*

Lögð fram umsókn Björns Sigurjónssonar f.h. Íslenskir aðalverktakar hf., kt. 660169-2379, dags. 28.12.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja, fjarlægja vatnslögn úr asbesti við Rio Tinto Reykjanesbraut, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330697.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3.21. *Skemmuvegur 34, Kópavogur – bón og bifreiðapvottur*

Lögð fram umsókn Gunnars Arnar Jóhannssonar f.h. AUTO CENTER ehf., kt. 511115-2720, dags. 17.01.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bón- og bifreiðapvott að Skemmuvegi 34, Kópavogi. Fasteignanr. F2215445. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.2.2024

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.01.2024. Jákvætt svar byggingafulltrúa 31.01.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.22. *Vetrarbraut 30, Miðgarður, Garðabær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Baldvins Sturlusonar kt. 090489-2249 f.h. Stjarnan handknattleiksdeild, þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 02.03.2024 til 03.03.2024 frá kl. 18.30 – kl. 01.00 að Vetrarbraut 30, Miðgarði, Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 160 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.23. *Hlégarður Mosfellsbær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Framhaldsskólans í Mosfellsbæ kt. 480109-0310 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 07.03.2024 frá kl. 19.30 – kl. 00.00 í Hlégarði Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 150 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.